




ION ADVENTURE HÓTEL Á NESJAVÖLLUM

Fyrirspurn um matskyldu

Júlí 2025



Verknúmer: 18235002	SKÝRSLA NR.: 1	DREIFING: ☒ OPIN ☐ LOKUÐ TIL ☐ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
	ÚTGÁFU NR.: 1	
	DAGS.: 2025-07-08	
	BLAÐSÍÐUR: 16	
	UPPLAG: 1	

HEITI SKÝRSLU:

ION Adventure Hótel í Grímsnes- og Grafningshreppi – fyrirspurn um matskyldu

HÖFUNDAR:

Anna Ingvarsdóttir
Einar Jónsson

VERKEFNISSTJÓRI:

Anna Ingvarsdóttir

UNNIÐ FYRIR:

ION Hotel Adventure

UMSJÓN:

Andrea Skúladóttir

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

Fyrirspurn um matsskyldu

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan fjallar um fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar og reksturs ION Adventure Hótels við Þingvallavatn, þar sem metin eru helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, einkum á vatn, gróður, ásýnd lands og innan hverfisverndar í aðalskipulagi og verndarsvæða samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Niðurstaðan er að áhrif séu óveruleg og framkvæmdin því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Fyrirspurn um matskyldu, hótél, Þingvallavatn

LYKILORÐ ENSK:

Environmental impact assessment, hotel,

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

YFIRFARIÐ AF:

Hugrún Gunnarsdóttir



Samantekt

Stækkun og rekstur ION Adventure Hotel við Þingvallavatn hafa verið metin með tilliti til umhverfisáhrifa og niðurstaðan er sú að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif. Hótelið er staðsett innan verndarsvæðis Þingvallavatns, en við uppbyggingu hefur verið fylgt ströngum reglum um fráveitu, mótvægisáðgerðir og landslagsaðlögun. Svartvatni er safnað og flutt burt, grávatn hreinsað í þriggja þrepa kerfi og byggingin sjálf mótuð til að falla að landslagi og náttúru.

Framkvæmdin rúmast innan gildandi aðalskipulags og deiliskipulags. Ekki fundust skráðar fornleifar á svæðinu og gróðuráhrif eru talin lítil þar sem aðeins raskaðist eyðihraunavist en hún hefur lágt verndargildi. Áhrif á ásýnd og landslag eru einnig hverfandi. Með hliðsjón af umfanginu, eðli og mótvægisáðgerðum er framkvæmdin ekki talin hafa veruleg neikvæð áhrif og því ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum.



Efnisyfirlit


Samantekt	ii
Efnisyfirlit	iii
1 Inngangur	4
1.1 Matskylda og leyfi	5
2 Framkvæmdalýsing	5
3 Staðhættir og umhverfi	7
4 Skipulag og vernd	7
4.1 Aðalskipulag	7
4.2 Deiliskipulag	9
4.3 Verndarsvæði	11
4.4 Menningarminjar	11
5 Helstu umhverfisáhrif	11
5.1 Jarðmyndanir	11
5.2 Vatn	12
5.3 Lífríki	12
5.4 Ásýnd lands og landslag	13
5.5 Mótvægisaðgerðir	15
5.6 Heildarniðurstaða	15

1 Inngangur

ION Adventure Hotel stendur á Nesjavöllum við Þingvallavatn, á litríku hraunlendi á rótum Hengils, um 40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Hótelið er staðsett á Nesjavöllum, við Hengilinn – rétt utan við Þingvallavatn og Þingvelli, og um það bil 45–60 mínútna akstur frá Reykjavík, sjá mynd 1.1 og mynd 1.2.

Byggingarsaga hótelsins nær aftur til ársins 2009, þegar yfirgefnar starfsmannabúðir fyrir jarðhitavirkjunina á Nesjavöllum voru keyptar og endurhannaðar. Núverandi eigendur hótelsins keyptu bygginguna af Orkuveitu Reykjavíkur árið 2011 og hófu þá undirbúning að stækkun. Nýtt ION Adventure Hotel opnaði formlega árið 2013. Á árinu 2024, var hótelið stækkað enn frekar. Það hóf upphaflega starfsemi með 42 herbergjum og með síðustu stækkun hefur fjöldi herbergja aukist í 66.

Arkitektúr hótelsins einkennist af nánum tengslum byggðar og náttúru, en húsið er reist á steypum pöllum yfir hrauninu, klætt Viroc-plötum sem líkja eftir hraunskriðum, og nýtir jarðhita til upphitunar herbergja og pottanna í Lava Spa.



Mynd 1.1 Staðsetning ION Hótels á Nesjavöllum



Mynd 1.2 Horft á suðvestur hlið hótelsins, inngangur og bílastæði eru hinu megin við hótelið (myndin er tekin í norðaustur).

1.1 Matskylda og leyfi


Til umfjöllunar eru framkvæmdir og rekstur hótelsins ION Adventure Hótel á Nesjavöllum. Við umsókn um endurnýjun á starfsleyfi kom þó í ljós að ekki hafði verið unnin fyrirspurn um matskyldu vegna hótelsins. Eftir samtal við Skipulagsstofnun tóku eigendur hótelsins ákvörðun um að senda inn fyrirspurn um matskyldu til stofnunarinnar. Samkvæmt tölulið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana falla hótél að tiltekinni stærð undir ákvæði laganna. ION hótelið uppfyllir ekki stærðarviðmið töluliðar 12.04 í 1. viðauka laganna. Engu að síður er hótelið staðsett innan hverfisverndarsvæðis í aðalskipulagi og friðlýstu vatnsverndarsvæði samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005. Framkvæmdin fellur því undir ákvæði laganna sbr. 2. viðauka við lögin, þ.e. viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í flokki B í 1. viðauka laganna.

Starfsemi hótelsins er eftir sem áður starfsleyfis skyld. Afgreiðsla starfsleyfis mun byggja á fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um hana.

2 Framkvæmdalýsing

Allar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar farið fram, annars vegar á árunum 2011-2013 og hins vegar á árunum 2023-2024. Yfirgefnar starfsmannabúðir fyrir Nesjavallavirkjun voru stækkaðar og breytt í hótél árið 2011 og var hótelið svo stækkað enn frekar árið 2024. Nýjasta breytingin fól í sér að fjölga gistirýmum í hótelinu um 24 herbergi en nú eru samtals 66 herbergi og gistirými fyrir 132 manns. Þá var einnig matsalur stækkaður og breytingar gerðar innanhúss. Samtals áætlaður hámarksfjöldi gesta sem eru á sama tíma í salarkynnum er um 170 manns. Mynd 2.1 sýnir teikningu af hótelinu eins og það lítur út í dag og þær viðbætur og breytingar sem gerðar hafa verið. Á myndinni má einnig sjá bílastæði og aðkomuveg framan við hótelið.

ION Adventure Hotel leggur ríka áherslu á sjálfbærni í rekstri og hönnun, m.a. að aðlaga hótelið að umhverfi sínu við hönnun og framkvæmdir.



Mynd 2.1 Þrívíddar teikning af hótelinu eins og það lítur út í dag, glerskálinn snýr í suður.



Mynd 2.2 Nýleg ljósmynd af hótelinu þar sem nýjasta stækkunin er í forgrunni. Til hægri á myndinni má sjá bílastæðin. Í bakgrunni má sjá Reykjafell (mynd er tekin í suðaustur).



Mynd 2.3 Nýleg ljósmynd af hótelinu tekin í norðvestur. Sjá má nýlegt glerhýsi. Bakvið hótelið sést Nesjavallavirkjun.

3 Staðhættir og umhverfi

Svæðið umhverfis ION Adventure Hotel er hluti af sprungusveimi Hengils, þar sem landslagið mótast af móbergshryggjum og hraunbreiðum frá síðasta jökulskeiði ásamt hvera- og gígasvæðum sem mynda gróin svæði. Gróðurfar einkennist af mosa (m.a. *Racomitrium*-tegundum), krækiberjalyngi, dvergviði og birki í skjólgóðum dældum, en jarðvegur er oft punnur og harður, sem gerir plöntum erfitt fyrir að festa rætur. Vatnafar kemur fram í smálækjum sem flæða út í Þingvallavatn. Vatnsrennsli hefur skapað víðáttumikil heiðarlönd með flóru sem nýtur næringaráhrifa grunnvatns og jökulvatns. Landnotkun á svæðinu einkennist af jarðvarmavirkjun á svæðinu en þar eru borholur og mannvirki sem fylgja virkjuninni. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði bæði til göngu- og hestaferða. Gönguleiðir eru á svæðinu í nálægð við hótelið.


4 Skipulag og vernd

4.1 Aðalskipulag

ION Adventure Hotel er á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði samkvæmt *Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032* (Mynd 4.1) sem var staðfest 13. desember 2022.^{1,2} Gerðar hafa verið 12 breytingar á aðalskipulaginu en þær taka ekki til svæðisins á Nesjavöllum þar sem hótelið stendur.

¹ Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Sveitarfélagsuppráttur. Sótt 19. Júní 2025 af <https://www.map.is/skipulag/>

² Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Greinargerð. Sótt 19. Júní 2025 af <https://www.map.is/skipulag/>



Mynd 4.1 Kort með stafrænu Aðalskipulagi Grímsnes-og Grafningshrepps 2020-2032 sem sýnir landnotkun svæðisins við ION Adventure Hotel.

Hótelið er í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins fyrir verslun- og þjónustu, þ.e. VP1 Nesjavellir. Um það gilda eftirfarandi skilmálar eða skipulagsákvæði:



Nr.	Heiti	Stærð (ha)	Lýsing og skilmálar
VP1	Nesjavellir	2	Á reitnum er rekið hótél um 1500 m ² og er gert ráð fyrir mögulegri stækkun í allt að 4000 m ² með gistirými fyrir um 130 manns. Nýtingarhlutfall er allt að 0,3 í samræmi við deiliskipulag á svæðinu.

ION Adventure Hotel er innan hverfisverndarsvæðis *HV9 Rauðstrýta og umhverfi* í aðalskipulagi og um það gilda almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar og sértækir skilmálar fyrir hverfisverndarsvæði *HV9* en þeir eru eftirfarandi:

Nr.	Heiti	Lýsing og skilmálar	Jörð
HV9	Rauðstrýta og umhverfi	Fjölbreytt landslag og gil með mikið útivistargildi í námunda við gönguleiðir.	Nesjavellir

Hótelið er einnig innan varúðarsvæða *VA1 Þverárdalur* og *VA2 Vernd vatnasviðs Þingvallavatns* og um það gilda eftirfarandi ákvæði um takmörkun á landnotkun svæðisins.

Nr.	Heiti	Lýsing
VA1	Þverárdalur	Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun Nesjavallavirkjunar með nýjum vinnslusvæðum í Þverárdal. Stækkun virkjunar er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.
VA2	Vernd vatnasviðs Þingvallavatns	Verndun vatnasviðs Þingvallavatns skv. lögum nr. 85/2005. Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spilt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Umhverfisráðherra setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og iðnaðarráðuneytið nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Landeigendur/ábúendur hafa hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu.

ION Adventure Hotel, þ.e. hótélbyggingin og sú starfsemdir sem þar fer fram og er áformuð, er í samræmi við gildandi *Aðalskipulag Grímsnes-og Grafningshrepps 2020-2032* um verslunar- og þjónustusvæði. Framkvæmdir við hótelið og rekstur þess eru háðar takmörkun á landnotkun, þ.e. hverfisvernd vegna náttúruverndar, varúðarsvæðum í aðalskipulagi og sérstökum reglum um vernd vatnasviðs Þingvallavatns.

4.2 Deiliskipulag

Í gildi er *Deiliskipulag hótellóðar á Nesjavöllum, landnúmer 209139*³, sem tekur til ION Adventure Hotels, en það var samþykkt 5. júlí 2017. Gerð hefur verið ein breyting á deiliskipulaginu, þ.e. *Nesjavellir, L209139, afmörkun lóðar*⁴, en hún var samþykkt 2. maí 2024 og varðar mörk lóðar hótelsins (sjá Mynd 4.2). Aðliggjandi skipulagssvæðinu er *Deiliskipulag Nesjavalla*, sem samþykkt var 19. júní 2024.

Deiliskipulagsuppdráttur *Deiliskipulags hótellóðar á Nesjavöllum* tekur til núverandi og fyrirhugaðra bygginga á lóðinni ásamt aðkomuvegi og bílastæðum. Í skilmálum kemur m.a. fram að innan byggingareits B-1 verði byggt við hótelið allt að 1500 m² húsnæði sem rúma mun herbergi vegna gistingar ásamt veitingastað, stofum og sölum. Heildarbyggingamagn innan byggingarreits verður allt að 3830 m².

³ Deiliskipulag hótellóðar á Nesjavöllum. Nýtt deiliskipulag. Sótt 19. Júní 2025 af <https://www.map.is/skipulag/>

⁴ Deiliskipulag hótellóðar á Nesjavöllum. Deiliskipulagsbreyting. Nýtt deiliskipulag. Sótt 19. Júní 2025 af <https://www.map.is/skipulag/>



Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er ION Adventure Hotel, þ.e. hótélbyggingin og sú starfsemi sem þar fer fram og er áformuð, í samræmi við gildandi deiliskipulag.



Mynd 4.2 Skjáskot af breyttu deiliskipulagi hótellóðar á Nesjavöllum.



4.3 Verndarsvæði

Svæðið er ekki innan friðlýstra svæða vegna náttúruverndar samkvæmt upplýsingum á vef Náttúruverndarstofnunar. Svæðið er á friðlýstu vatnsverndarsvæði samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess og landsvæði innan marka friðlýsingarinnar skal vera sérstakt vatnsverndarsvæði, verndarsvæði Þingvallavatns. Í 3. gr. laganna segir eftirfarandi:

☐ Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. [Ráðherra] setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir [og það ráðuneyti er fer með jarðrænar auðlindir] nánari reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.

☐ Sveitarstjórn er heimilt að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi sem hún gefur út á grundvelli [skipulagslaga og laga um mannvirki] skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli 1. mgr.

ION Adventure Hotel er innan hverfisverndarsvæðis HV9 Rauðstrýta og umhverfi í aðalskipulagi sbr. umfjöllun í kafla 4.1.

4.4 Menningarminjar

Á lóð ION Adventure Hotels eru engar friðlýstar eða friðaðar menningarminjar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, sbr. yfirlit yfir friðlýst og aldursfriðuð hús, mannvirki og kirkjur og friðaðar og friðlýstar fornleifar á Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.⁵ Deiliskráning⁶ var gerð fyrir Nesjavelli 2024 og skammt frá hótelinu er m.a. minjar um fjárrétt og stikuð gönguleið.

5 Helstu umhverfisáhrif

Sá þáttur framkvæmdarinnar sem hefur mest áhrif á umhverfið er hótélbyggingin sjálf. Einnig vatns- og fráveita vegna hótelsins þar sem hótelið er staðsett á í nálægð við Þingvallarvatn. Framkvæmdartíma er nú þegar lokið en helstu umhverfisáhrif er því á rekstrartíma.

5.1 Jarðmyndanir

Viðmiðið er að vernda tiltekin vistkerfi og jarðminjar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Viðmiðið er einnig að stuðla að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja sbr. áherslu A.4 í Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

ION Adventure Hotel hefur ekki haft merkjanleg áhrif á jarðmyndanir á svæðinu, þar sem hótelið var hannað með sjálfbærni og lágmarks náttúruvaski að leiðarljósi. Svæðinu var að einhverju marki raskað vegna gerð starfsmannabúða fyrir Nesjavallavirkjun, þ.e. hótelið var byggt á grunni eldri mannvirkja við Nesjavallavirkjun. Einnig nýtir hótelið heitt vatn frá virkjuninni. Framkvæmdir fóru fram með virðingu fyrir landslagi svæðisins og var sérstök áhersla lögð á að forðast rask á mosa, hrauni og ummerkjum um jarðhitavirkni í nágrenni hótelsins. Með þessari nálgun hefur hótelið náð að aðlaga sig náttúrunni án þess að breyta eða skaða þær jarðmyndanir sem gera svæðið einstakt.

Niðurstaðan er að áhrif á jarðmyndanir á svæðinu eru óveruleg á framkvæmda- og rekstrartíma hótelsins.

⁵ Minjastofnun Íslands (2025). Minjavefsjá. Sótt 19. júní 2025 af <https://www.minjastofnun.is/>

⁶ Kristjana Vilhjálmsdóttir ritstjóri. (2024). Deiliskráning á Nesjavöllum í Grafningi. Reykjavík 2024, Fornleifastofnun Íslands ses. FS994-23451



5.2 Vatn

Viðmið fyrir vatn er að finna í markmiðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, Vatnaáætlun Íslands 2022-2027⁴⁶ og reglugerðum sem um það gilda. Einnig markmið laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.

Í fyrri stækkun hótelsins árið 2011 var fráveitukerfi ION Adventure Hotel skipulagt með aðskilnaði svart- og grávatns, þar sem svartvatn frá salernum safnast í tvo 30.000 lítra niðurgrafna safntanka með jöfnunarbrunni og mælibúnaði sem tæmdir eru mánaðarlega og fluttir til förgunar í fráveitustöð Reykjavíkur. Grávatn frá sturtum og vöskum fer fyrst í síu-setbrunn síðan í fituskilju og loks í sandsíu áður en það leitaði út í umhverfið. Hönnun fráveitukerfisins er í samræmi við reglugerð nr. 650/2006 um verndun vatnasviðs Þingvallavatns, með skýrum kröfum um að lágmarka mengun og varðveislu grunnvatns. Allt frárennsli frá viðbyggingu 2024 var tengt við núverandi kerfi og er hreinsað í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Niðurstaðan er að framkvæmdin hefur haft óveruleg áhrif á grunnvatn á svæðinu þar sem öllu skólpi er keyrt burt af svæðinu og önnur fráveita er vel hreinsuð í þriggja þrepa hreinsikerfi áður en því er veitt til umhverfis.

5.3 Lífríki


Viðmiðið er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna,⁷ markmið 15.

Aðeins ein vistgerð hefur raskast vegna framkvæmdanna og er það Eyðihraunavist (sjá mynd 5.1). Vistgerðin er fátæk af tegundum æðiplanta og mosa en rík af fléttutegundum, þar er fábreytt fuglalíf og vistgerðin hefur lágt verndargildi. Innan lóðarinnar sem hótelið stendur á er einnig Mosahraunavist en sú vistgerð er margt svipuð og Eyðihraunavist en þó er verndargildi hennar metið miðlungs.⁸

Niðurstaðan er að framkvæmdin hefur haft óveruleg áhrif á lífríki, þ.e. áhrif á vistgerðir, gróður og fuglalíf hafa nú þegar átt sér stað við gerð starfsmannabúða fyrir Nesjavallavirkjun og bygging hótelsins og rekstur þess hefur ekki aukið á þau áhrif.

⁷ Stjórnarráð Íslands (2022). Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt desember 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>

⁸ Náttúrufræðastofnun Íslands (2025). Vistgerðarkort. Sótt júní 2025 af www.vistgerdarkort.ni.is.



Mynd 5.1 Vistgerðarkort - lóðin sem hótelið stendur á er afmörkuð með rauðum línunum

5.4 Ásýnd lands og landslag

Viðmiðið er að við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands sbr. 69. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum sbr. menningarstefnu í mannvirkjagerð.⁹ Varðveita og vernda sérstætt eða fágætt landslag, svo og fjölbreytni landslags, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Þegar framkvæmdaraðili tók við svæðinu og þáverandi húsnæði árið 2011 var svæðið þegar raskað. Þá hafði verið þar annað hótél og þar áður starfsmannabúðir vegna Nesjavallavirkjunar. Sjá má á mynd 5.2 hvernig svæðið leit út árið 2011, þ.e. byggingu, aðkomuveg og bílastæði. Mynd 5.3 sýnir hvernig svæðið leit út eftir framkvæmdir árið 2011 (áður en var farið í nýjustu framkvæmdir). Á mynd 5.4 má svo sjá hvernig svæðið leit út árið 2023 en þá voru framkvæmdir, sem lokið var í 2024, hafnar og má sjá móta fyrir grunni af stækkun. Á þessum loftmyndum, ásamt nýlegum ljósmyndum frá svæðinu (mynd 2.2 & mynd 2.3) má sjá að lögð hefur verið áhersla á að hótelið falli eins vel að umhverfinu og kostur er. Hótelið er lágreist og fellur vel að umhverfis sínu. Almennnt ber ekki mikið á því nema í þegar komið er að hótelinu.

Áhrif á ásýndarbreytingar og ásýnd lands og landslag eru því metin óveruleg.

⁹ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt desember 2023 af <https://www.stjornarradid.is/>



Mynd 5.2 Loftmynd af framkvæmdarsvæðinu frá árinu 2010



Mynd 5.3 Loftmynd af hótelinu frá árinu 2021



Mynd 5.4 Loftmynd af framkvæmdarsvæði frá árinu 2023

5.5 Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir eru áðgerðir til þess að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Við framkvæmd og rekstur var leitast við að lágmarka áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið.

Mótvægisáðgerðir

- Áhersla hefur verið lögð á að byggingar falli vel að umhverfi og öðrum mannvirkjum á svæðinu.
- Gengið hefur verið vel frá gróðri þar sem þurfti að raska honum og hann endurheimtur.
- Fráveita er hreinsuð vel auk þess sem skólpi er safnað í rotpró og flutt burt af svæðinu.

5.6 Heildarniðurstaða

Framkvæmdasvæðið er við Þingvallavatn og framkvæmdin tekur til svæðis sem afmarkast af lóð fyrir hótél og bílastæði, samtals um 18.500 m². Hótelið sjálft er um 3.500 m².

Hótelið er í samræmi við gildandi skipulag og liggur innan hverfisverndar og á friðlýstu vatnsverndarsvæði samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005, sem takmarkar jarðrask og vatnsnýtingu. Engar friðlýstar menningarminjar eru á svæðinu, en fjárrétt og stikuð gönguleið eru í grennd. Framkvæmdasvæðið einkennist af því að þar er, og var áður en framkvæmdir hófust, rekin starfsmannaaðstaða vegna Nesjavallarvirkjunar og síðar hótél.



Framkvæmdasvæðinu hefur þegar verið raskað með byggingu hótelsins, það liggur innan hverfisverndarsvæðis sem engu að síður hefur verið skipulagt fyrir hótél (verslun og þjónustu).

Helstu umhverfisáhrif tengjast hótélbyggingunni og fráveitu, en áhrif á jarðmyndanir eru óveruleg þar sem hótelið er reist með lágmarks raski og aðlagð að landslagi, þ.e. hrauninu umhverfis það. Fráveitukerfi er þrískipt og skólþ flutt burt, og því hafa áhrif á vatn verið lítil. Aðeins ein vistgerð, eyðihraunavist, hefur raskast og áhrif á lífríki, þ.e. gróður og fuglalíf eru metin óveruleg. Hótelið er lágreist og hannað til að falla að landslagi, og áhrif á ásjón eru metin lítil. Með mótvægisáðgerðum hefur verið leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum og niðurstaðan er sú að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmdatíma eru óveruleg hvað varðar landfræðilegt umfang, gróður og vatn og vara þau til skamms tíma. Það á m.a. við um rask og breytingu á ásjón svæðisins á framkvæmdatíma. Með mótvægisáðgerðum hefur verið leitast við að lágmarka umhverfisáhrif.

Breytingar, stækkun og rekstur á hóteli ION Adventure við Þingvallavatn eru taldar fela í sér óveruleg neikvæð umhverfisáhrif með tilliti til landfræðilegs umfangs, eðlis, staðsetningar og eiginleika áhrifa.

Það er niðurstaða framkvæmdaaðila að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.